

Ed.

488. Frumvarp til laga

[257. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

Við fyrri mgr. 3. tölul. 3. gr. laganna bætist: Þeim ber og að varðveita til frambúðar frumflutt dagskrárefni sem talið er hafa menningarlegt eða sögulegt gildi.

2. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð eða einstaka dagskrárliði. Þetta gildir þó ekki um áður framleitt efni, svo sem kvikmyndir eða fræðslu- og skemmtiefni af myndböndum.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr tölul., 9. tölul., og orðast svo:

Erlendu sjónvarpsefni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti eftir því sem við á hverju sinni, nema um sé að ræða beina útsendingu eða endurvarp erlendis frá þar sem þýðingu verður ekki við komið.

4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Útvarpsstjóri setur að fengnu samþykki útvarpsráðs reglur um frambúðarvarðveislu þess dagskrárefnis stofnunarinnar sem rétt er talið að varðveita vegna menningarlegs eða sögulegs gildis. Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána og/eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið að fengnu samþykki rétthafa efnis.

5. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum, skal varðveita í að minnsta kosti fjóra mánuði hljóðupptöku af útsendri dagskrá.

Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Menntamálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi nýtt frumvarp til útvarpslaga á árinu 1988. Menntamálaráðherra skal árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til útvarpslaga var til umfjöllunar á þinginu 1984–1985 var af hálfu Alþýðuflokksins bent á margvíslega annmarka á frumvarpinu sem gerðu það ekki aðeins erfitt í framkvæmd heldur væru sum ákvæði þess nánast óskiljanleg og ógerlegt að sjá hvernig vinna ætti eftir þeim. Ekki var hins vegar fallist á að gera neinar breytingar á frumvarpinu eftir að það kom frá neðri deild. Stjórnarþingmönnum í efri deild var gert að tryggja að ekki yrði þar haggð kommu eða punkti. Það gerðu þeir. Þegar þetta var sýnt var boðað af hálfu Alþýðuflokksins að á næsta þingi yrði flutt frumvarp til laga um að sníða nokkra helstu annmarka af útvarpslögum.

Vissulega er ýmislegt fleira sem breyta þyrfti í útvarpslögum. En þar sem endurskoða á löginn innan þriggja ára frá gildistöku þeirra þótti rétt að gera ekki tillögur um breytingar á öðru en því sem óhjákvæmilegt er að breyta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að í útvarpslögum séu almenn ákvæði um að útvarpsstöðvum beri að varðveita efni sem talið er hafa menningarlegt eða sögulegt gildi.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, gerir ákvæðið skiljanlegt og framkvæmanlegt en eins og ákvæðið er í gildandi útvarpslögum er það hvorki skiljanlegt né framkvæmanlegt.

Um 3. gr.

Eðlilegt er að í útvarpslögum séu ákvæði um þýðingu og textun erlendis efnis þar sem því verður við komið. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að beinar útsendingar eða endurvarp erlendis frá er ekki unnt að texta eða þýða og fortakslaus skylda til að þýða eða texta allt erlent efni þýðir því í raun bann við því að endurvarpa eða taka beint á móti erlendu efni.

Um 4. gr.

Rétt er að útvarpsstjóri setji reglur um hvað af dagskrárefni stofnunarinnar skuli varðveitt til frambúðar og að þær reglur séu háðar samþykki útvarpsráðs. Núgildandi útvarpslög gera ekki ráð fyrir neinum reglum um þetta efni. Þar er aðeins að finna ákvæði um að hljóðupptaka af frumsömdu efni skuli varðveitt í 18 mánuði.

Um 5. gr.

Sjálfsgagt er og eðlilegt að skylda útvarpsstöðvar til þess að varðveita hljóðupptöku af útsendri dagskrá í tiltekinn tíma. Þetta ber að gera í öryggisskyni ef eftirmál verða vegna ummæla sem viðhöfð eru í dagskrá. Ekki sýnist ástæða til að varðveita slíkar upptökur lengur en í fjóra mánuði.

Um 6. gr.

Í núgildandi útvarpslögum er gert ráð fyrir endurskoðun laganna innan þriggja ára. Eðlilegt virðist að í ákvæði til bráðabirgða sé einnig kveðið svo á að menntamálaráðherra skuli leggja nýtt frumvarp til útvarpslaga fyrir Alþingi á árinu 1988. Í þessari grein er enn fremur það nýmæli að finna að menntamálaráðherra skuli árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga.